



Aflamark Byggðastofnunar - verklagsreglur

Kafli I – Verklagsreglur

1. Inngangur

Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10. gr. a. í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Nánari útfærsla er í reglugerð nr. 643/2016. Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar ákveðið magn aflaheimilda í þorskígildum talið sem ráðherra ákveður hverju sinni í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir hvert fiskveiðiár.

2. Val byggðarlaga

Við val á byggðarlögum sem koma til álita skal byggja á eftirtöldum þáttum:

- Byggðarlag hafi átt í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi eða ætla megi að samdráttur í greininni myndi skapa slíkan vanda
- Störf við veiðar og vinnsla séu eða hafi verið verulegur hluti starfa í byggðarlaginu sl. 10 ár
- Íbúar byggðarlags séu færri en 450
- Íbúaþróun í byggðarlaginu hafi verið undir landsmeðaltali sl. 10 ár
- Akstursfjarlægð frá byggðarkjarna sem telur meira en 1.000 íbúa sé a.m.k. 20 km.
- Byggðakjarninn tilheyri vinnusóknarsvæði sem telur færri en 10.000 íbúa
- Að aflamark Byggðastofnunar skipti verulegu máli fyrir framtíð byggðarlagsins að mati stjórnar Byggðastofnunar

Stjórn Byggðastofnunar tekur ákvörðun um endanlegt val byggðarlaga að fenginni tillögu aflamarksnefndar og um það aflamark sem úthluta skal til hvers þeirra á grundvelli greiningar stofnunarinnar á stöðu byggðarlaga sem falla að þeim skilgreiningum sem að ofan eru taldar.

3. Umsóknir

Auglýsa skal eftir umsóknum um samstarf með opinberum hætti og á vefsíðu Byggðastofnunar byggdastofnun.is. Umsóknarfrestur er að lágmarki tvær vikur.

Sótt skal um á heimasíðu stofnunarinnar í gegnum umsóknargátt þar sem unnt verður að nálgast form sem umsækjendur fylla út. Umsóknir skal vista í ONE, skjala- og málakerfi stofnunarinnar. Skal hver umsókn vistuð undir kennitölu forsvaraðila umsækjenda og fá sér málsnúmer.

Í umsókn eiga að lágmarki að koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Staður sem sótt er um
- Nafn og kennitala umsóknaraðila auk tölvupóstfanga
- Tengiliður umsóknar
- Listi yfir samstarfsaðila (nöfn, kennitala og tölvupóstfang) ásamt staðfestingu þeirra á þátttöku í umsókn
- Magn aflamarks í þorskígildum sem sótt er um
- Mótframlag í þorskígildum og magn í tegundum
- Annað mótframlag
- Framlag til samfélagsverkefna



- Verkefnislýsing
- Atvinnusköpun / viðhald starfa
- Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið getur stuðlað að stöðugleika í sjávarútvegi í byggðarlaginu
- Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið getur haft jákvæð áhrif á samfélagið
- Skilgreina skal mælikvarða á árangur
- Reynslu umsækjenda af rekstri og starfsemi í sjávarútvegi

4. Mat umsókna - tillögur

Starfsmenn Byggðastofnunar annast mat á umsóknum sem byggir á eftirfarandi þáttum:

- Trúverðugum áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi
- Fjölda heilsársstarfa sem skapast eða verður viðhaldið
- Sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu til veiða og vinnslu
- Öflugri starfsemi til lengri tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina
- Jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og samfélag
- Traustri rekstrarsögu umsækjenda

Starfsmenn Byggðastofnunar funda með umsækjendum, skoða aðstöðu og óska eftir frekari upplýsingum eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Að því loknu skal leggja tillögur starfsmanna fyrir aflamarksnefnd til umsagnar og afgreiðslu.

Rökstuddar tillögur aflamarksnefndar eru sendar viðkomandi sveitarfélagi til umsagnar og síðan lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar sem tekur ákvörðun um við hvaða umsækjendur stofnunin semur.

5. Samningar

Byggðastofnun gerir skriflega samninga við umsækjendur á grundvelli umsókna þar sem m.a. koma fram markmið samnings, gildistími, fjöldi þorskígilda af aflamarki Byggðastofnunar og mótframlag samningsaðila. Samningarnir skulu einnig innihalda ákvæði sem heimila Byggðastofnun aðgengi að gögnum um samningsaðila hjá opinberum aðilum í þeim tilgangi að viðhalda virku eftirliti með framkvæmd þeirra, auk ákvæðis um greiðslu umsýslugjalds m.v.t. 2. tl. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun. Samningar skulu undirritaðir af forstjóra f.h. Byggðastofnunar og forsvarsmönnum allra samningsaðila, e. a. með rafrænum hætti. Heimilt er að gera samninga til allt að sex ára.

Samstarfsaðilar Byggðastofnunar skulu gera með sér samkomulag um veiðar og vinnslu, sem liggja skal fyrir við undirritun samnings við Byggðastofnun og innihalda a.m.k. skiptingu aflamarks Byggðastofnunar, mótframlag og verðviðmiðun í uppgjöri milli veiða og vinnslu. Slíkt samkomulag skal jafnframt innihalda ákvæði um heimild Byggðastofnunar til gagnaöflunar um aðila þess í þeim tilgangi að hafa eftirlit með efndum samninganna og úthlutun aflamarks.

6. Úthlutun aflamarks

Úthlutun aflamarks á einstök skip fer fram með þeim hætti að beiðni kemur frá tengilið samnings til starfsmanns Byggðastofnunar sem fer yfir beiðnina og sendir ósk um aflamarksflutning til Fiskistofu. Haldið er utan um öll erindi, beiðnir til Fiskistofu og aflamarksfærslur í One-skjalastjórnunarkerfi Byggðastofnunar.



Óheimilt er að úthluta aflamarki Byggðastofnunar á skip annarra en samningsaðila nema fyrir liggja vistunarsamningur þar um sem uppfyllir þau skilyrði sem stofnunin setur um form og inntak slíkra samninga.

7. Eftirlit / eftirfylgni með samningum

Eftirlit með framkvæmd samninga er vera í höndum Byggðastofnunar og skal kveða á um nauðsynlegar heimildir stofnunarinnar þess vegna í samningunum sjálfum. Boðaðar og óboðaðar heimsóknir til samningsaðila skulu vera hluti eftirlits stofnunarinnar eins og þurfa þykir. Skal allt eftirlit skjalfest.

Í lok hvers fiskveiðiárs skal Byggðastofnun leggja mat á efndir samninga. Það skal gert með því að kalla eftir eftirtöldum upplýsingum frá samningsaðilum:

- Fjöldi vinnsludaga á tímabilinu
- Fjöldi starfa í vinnslu, við veiðar, beitningu og stjórnun
- Heildarafli til vinnslu eftir samningsaðilum
- Annar afli eða afurðir til vinnslu eftir samningsaðilum
- Færslur aflamarks til og frá skipum/bátum sem eru aðilar að samkomulagi um veiðar og vinnslu samkvæmt lokamálgrein 5. gr.
- Mat samningsaðila á því hvort samningurinn hefur styrkt útgerð og vinnslu
- Hvernig aflamark sem úthlutað er skv. vistunarsamningum skilar sér til veiða og vinnslu samningsaðila
- Upplýsingar um hnökra sem kunna að hafa komið upp
- Upplýsingar um hvort og þá hvernig verkefnið hefur stuðlað að auknum stöðugleika í samfélaginu
- Upplýsingar um jákvæð áhrif sem verkefnið hefur leitt af sér í samfélaginu
- Upplýsingar um framlög til samfélagsverkefna

Upplýsingar skal taka saman sem ársskýrslu verkefnisins og leggja fram til kynningar fyrir aflamarksnefnd og stjórn Byggðastofnunar.

8. Lok / uppsögn samninga

Gildistími skal ákveðinn í hverjum samningi. Samningi lýkur á umsömdum tíma án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar frá aðilum.

Komi til þess að samstarfsaðilar Byggðastofnunar geti ekki staðið við samninginn skulu þeir tilkynna stofnuninni það án tafar.

Séu frávik minniháttar skal gefa samningsaðilum kost á að lagfæra það sem úrskaiðis hefur farið.

Segi samningsaðili sig frá samningi skal samningurinn endurmetinn. Treysti aðrir samningsaðilar sér til að uppfylla skyldur þess aðila sem frá hverfur, fái þeir annan aðila til þess eða ef framlag þess samningsaðila hafi minniháttar áhrif á verkefnið má ganga frá málinu með viðaukasamkomulagi.

Telji Byggðastofnun að samningsaðilar hafi brotið samning skal aflamarksnefnd leggja rökstudda tillögu um uppsögn hans fyrir stjórn Byggðastofnunar.

Með breytingar/viðauka samkvæmt þessari grein skal farið að fyrirmælum 4. gr. reglna þessara.



Kaflí II - Aflamarksnefnd Byggðastofnunar

9. Skipan og fundir

Aflamarksnefnd skal skipuð forstjóra og forstöðumönnum sviða stofnunarinnar. Auk þeirra eiga seturétt á fundum nefndarinnar þeir sérfræðingar stofnunarinnar sem sinna aflamarki Byggðastofnunar auk annarra starfsmanna sem forstjóri ákveður hverju sinni. Forstjóri er formaður nefndarinnar og forstöðumaður lögfræðisviðs varaformaður. Nefndin er einungis ályktunarbær ef annar þeirra og meirihluti nefndarmanna sækir fund. Ef atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns, eða í fjarveru hans, varaformanns.

Aflamarksnefnd skal funda að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári og oftár ef þörf er á. Formaður stýrir fundum nefndarinnar og rituð skal fundargerð um erindi og ákvarðanir. Fundargerðir nefndarinnar skal undirrita og vista í ONE-skjalastjórnunarkerfi Byggðastofnunar.

10. Verkefni

Aflamarksnefnd fjallar um mál er varða aflamark Byggðastofnunar og ákvörðunar stofnunarinnar er þörf. Aflamarksnefnd gerir rökstuddar tillögur til stjórnar varðandi:

- Val á byggðarlögum, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 643/2016 og 2. gr. verklagsreglna þessara
- Umsóknir um aflamark og val á samningsaðilum, sbr. 2. - 4. gr. reglugerðar nr. 643/2016 og 3. - 4. gr. verklagsreglna þessara, sem og viðaukasamninga sbr. 8. gr.
- Ársskýrslu og eftirfylgni, sbr. 7. gr. verklagsreglna þessara
- Mat á frávikum frá samningum og viðurlög, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 643/2016 og 8. gr. verklagsreglna þessara. Aflamarksnefnd getur ákveðið að fresta úthlutun vegna minniháttar frávíka án þess að bera þurfi þá ákvörðun undir stjórn Byggðastofnunar. Tillögur um uppsögn eða riftun samninga skal ávallt leggja fyrir stjórn Byggðastofnunar.
- Uppfærslu verklagsreglna þessara.

11. Ýmis atriði

Um meðferð Aflamarks Byggðastofnunar samkvæmt verklagsreglum þessum gilda að öðru leyti ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012, með síðari breytingum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna aflamarksnefndar til þess að fjalla um einstök mál skulu gilda reglur II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Aflamarksnefnd skal gæta þess að öll erindi sem hún fær til umfjöllunar hljóti meðferð í samræmi við lög, reglur, jafnræðisreglu, góða stjórnarsýsluhætti og málefnalegt gegnsæi.

Fylgni við verklagsreglur þessar, aðrar reglur, lög og reglugerðir sem gilda um Aflamark Byggðastofnunar skal vera hluti af úttekt Innri endurskoðunar Byggðastofnunar.

Við gildistöku verklagsreglna þessara falla úr gildi Verklagsreglur um Aflamark Byggðastofnunar dags. 2. október 2019. Endurskoða og uppfæra skal verklagsreglur þessar eftir atvikum og þörfum, þó ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti.